

6. fundur undirbúningsstjórnar Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Fundur haldinn þann 2. maí 2022 kl. 17:00 í fjarfundi á Zoom.

Fundinn sátu:

- Jón Gíslason, formaður
- Ragnhildur Haraldsdóttir
- Þóra Sverrisdóttir
- Hjálmar Björn Guðmundsson, varamaður
- Einar Kristján Jónsson (kl. 18:15)
- Guðmundur Haukur Jakobsson
- Jón Örn Stefánsson
- Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri
- Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, sem ritaði fundargerð.

Arnrún Bára Finnsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Stjórnsýsla og stjórnskipulag

Samþykkt um stjórn og fundarskóp nýs sveitarfélags er staðfest og birt. Ákveðið að fela ráðgjöfum að hefja vinnu við drög að erindisbréfum nefnda.

Á sameiginlegum fundi oddvita sveitarfélaganna fjögurra í Austur-Húnavatnssýslu var ákveðið að leggja til við sveitarstjórnirnar að hefja undirbúning að slitum byggðasamlags um menningar- og atvinnumál og að endurskoðun samstarfsins í öðrum byggðasamlögum sem sveitarfélögin standa sameiginlega að. Ráðgjöfum falið að hefja undirbúning. Fara þarf yfir eignir og skuldir allra byggðasamlaganna. Stjórn byggðasamlags sem slíta á skipar slitastjórn.

2. Sameining fjárhags

Sameinuðu sveitarfélagi hefur verið úthlutað kennitölunni 650422-2520.

Sveitarfélagsnúmeri verður úthlutað eftir kosningar til sveitarstjórnar en áður en sveitarfélagið tekur til starfa.

Sameining fjárhags fer þannig fram að bókhaldið verður fært inn í bókhaldskerfi Blönduósbæjar. Ný sveitarstjórn tekur afstöðu til þess með hvaða hætti staðið verður að vali á fjárhagskerfi til frambúðar. Fjárhagsáætlanir verða lagðar saman og ný sveitarstjórn getur gert viðauka til að laga hana að nýjum áherslum.

Ráðgjöfum falið að undirbúa umsókn um sameiningarframlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og fara yfir lánasöfn sveitarfélaganna til meta hvaða lán er hagstætt að greiða niður og í hvaða röð.

Rætt um það hvort undirbúningsstjórnin hafi umboð til að taka ákvörðun um það hvert beina skuli bankaviðskiptum. Fyrir liggur bókun sveitarstjórnar Blönduósbæjar um að færa viðskipti í Landsbankann. Ákveðið að láta ákvörðun bíða næstu sveitarstjórnar.

3. Heiti sameinaðs sveitarfélags

Borist hefur umsögn Örnefnanefndar um fimm tillögur að nafni á sameinað sveitarfélag sem undirbúningsstjórn sendi nefndinni. Nefndin mælir með nafninu Blöndubýggð en leggst ekki gegn nöfnunum. Húnabyggð, Húnavatnsbyggð, Húnavatnsþing, og Húnaþing Eystra.

Ákveðið að kanna hug íbúanna til tillagnanna Húnabyggð, Blöndubýggð og Húnavatnsbyggð. Könnunin fer fram á kjördag samhliða kosningum til sveitarstjórnar en þeir sem ekki geta tekið þátt á kjördag geta skilað álitinu til skrifstofa sveitarfélaganna á opnunartíma fram að kjördegi. Ráðgjöfum falið að útbúa kjörseðla. Sveitarstjórum falið að finna kjörkassa og ræða við kjörstjórnir um talningu.

Kynna þarf tillögurnar og framkvæmd könnunarinnar á vefsíðunni hunvetningur.is, samfélagsmiðlum og á heimasíðum sveitarfélaganna.

4. Umhverfisakademía á Húnavöllum

Lögð fram fundargerð 5. fundar starfshóps um Umhverfisakademíu ásamt drögum að stofnskrá og samþykktum. Ákveðið að beina því til sveitarstjórnanna að þær stofni Umhverfisakademíuna, samþykki að leggja fram hlutafé og skipi fyrstu stjórn félagsins.

Ráðgjöfum falið að gera drög að erindi til sveitarstjórnanna.

5. Yfirferð á reglum, samþykktum og áætlunum

Sveitarstjórum og ráðgjöfum falið að gera tillögu að forgangsöröðun verkefna.

6. Sameining skólastofnana

Farið yfir stöðuna varðandi undirbúning ráðninga í stöðu skólastjórnenda í grunn- og leikskóla. Umsóknarfresturinn var framlengdur til 15. maí. Undirbúningsstjórn beinir því til sveitarstjórnanna að skipa undirbúningsstjórn fyrir sameiningu skólanna.

Ráðgjöfum falið að gera drög að erindi til sveitarstjórnanna.

7. Verkefnastofa KPMG

Róbert kynnti tillögu KPMG um fyrirkomulag við verkefnastjórn og ráðgjöf við innleiðinguna næstu misserin.

8. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 9. maí kl. 17:00

Fundargerðin var lesin upp og staðfest.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 18:30.